



Helstu skattalagabreytingar 144. löggjafarþing 2014-2015

Frekari upplýsingar veitir Vala Valtýsdóttir, sviðsstjóri skatta- og
lögfræðisviðs Deloitte



Breytingar á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988

Taka gildi 1. janúar 2015

Skatthlutfall

- Efra þrepið lækkar úr 25.5% í 24%; afreikningshlutfall v/24% er 19,35% (80,65%).
- Lægra þrepið hækkar úr 7% í 11%; afreikningshlutfall v/11% er 9,91% (90,09%).

Endurgreiðsla v/íbúðarhúsnæðis

- Gildistími ákvæðis til bráðabirgða nr. XV við lög um virðisaukaskatt, sem kvað á um tímabundna hækkun á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu við íbúðarhúsnæði o.fl., verður ekki framlengdur.
- Því lækka endurgreiðsla virðisaukaskatts v/vinnu við íbúðarhúsnæði úr 100% í 60% frá og með 1. janúar n.k.
- Jafnframt fellur niður heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts v/vinnu við frístundahúsnæði, vinnu við hönnun og eftirlit við byggingu, viðhald og endurbætur íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis og enn fremur endurgreiðsla v/vinnu við annað húsnæði í eigu sveitarfélaga.

Heimildir RSK

- Samkvæmt 5. mgr. 28. gr. laganna fær ríkisskattstjóri sams konar heimild til lokunar starfsstöðvar og skattrannsóknarstjóri hefur nú ef ...
 - aðili vanræki skyldu til færslu bókhalds
 - aðili vanrækir skyldu til að nota tilskilið söluskráningarkerfi eða því er verulega áfátt
 - aðili vanrækir tilkynningarskyldu skv. 5. gr. vskl.
 - aðili vanrækir skilaskyldu skv. 24. gr. vskl.
 - aðili hefur sætt áætlun VSK skv. 25. eða 26. gr. vskl. í tvö uppgjörstímabil eða fleiri á næstliðnum 2 árum frá yfirstandandi uppgjörstímabili skv. 24. gr. vskl.

Breytingar á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988

Taka gildi 1. janúar 2016

Ferða- skrifstofur

- Undanþáguákvæði v/ferðaskrifstofa skv. 13. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna fellur niður; starfsemi ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda verður því virðisaukaskattsskyld, ýmist skv. 11. gr. (m/vsk) eða 12. gr. (án vsk).
- Skattskyld þjónusta ferðaskrifstofa sem ber 11% virðisaukaskatt: þjónusta ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga, jafnt innlendra sem erlendra, að því leyti sem hún varðar sölu á vöru eða þjónustu sem ferðamaður nýtir á Íslandi.
- Undanþegin velta skv. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. vskl.: Velta vegna þjónustu ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda þar sem hún telst veitt utan Íslands að því leyti sem hún varðar fólksflutninga milli landa og vöru eða þjónustu sem ferðamaður nýtir utan Íslands.

Fólks- flutningar

- Fólksflutningar verða almennt virðisaukaskattsskyldir í lægra skatthlutfalli, 11%, sbr. breytingar á 6. tölulið 3. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 14. gr. laganna. Gildir það jafnframt um afnot af búnaði sem skipuleggjandi ferðar leggur farþegum til vegna ferðarinnar.
- Þeir fólksflutningar sem verða áfram undanþegnir virðisaukaskatti samkvæmt 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna eru eftirfarandi: a) almenningssamgöngur, þ.e. fastar ferðir á ákveðinni leið innan lands samkvæmt fyrirframþrjú áætlun, jafnt á landi, í lofti og á leggi, b) skipulögð ferðaþjónusta fatlaðs fólks, c) skipulagðir flutningar skólabarna, d) akstur leigubifreiða og e) sjúkraflutningar
- Að því leyti sem fólksflutningar eru undanþegnir samkvæmt ákvæði 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna nær undanþágan einnig til farangurs farþega og flutnings ökutækja sem er í beinum tengslum við flutning farþega.
- Fólksflutningar úr landi og milli landa teljast til undanþeginnar veltu skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna.

Íþróttastarfsemi

- Sú breyting sem gerð er á undanþáguákvæði vegna íþróttastarfsemi skv. 5. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna er ekki mikil efnislega en undanþágan er afmörkuð með skýrari hætti en nú er. Undanþágan tekur til skipulagðrar íþróttastarfsemi, þ.m.t. til aðgangseyris að íþróttamótum, íþróttakappleikjum og íþróttasýningum, aðgangseyris og annarra þóknana fyrir afnot af íþróttamannvirkjum til íþróttaiðkunar, s.s. íþróttasölum, íþróttavöllum, sundlaugum og skíðalyftum ásamt íþróttabúnaði mannvirkjanna og líkamsræktarstöðvum
- Aðgangseyrir að baðhúsum, baðstöðum, gufubaðsstofum og heilsulindum sem falla ekki undir ákvæði 5. tölul. 3. mgr. 2. gr. ber virðisaukaskatt í 11% skattþrepi frá 1. jan. 2016.

Aðrar breytingar á skattalögum

Taka gildi 1. janúar 2015

Persónu- afsláttur

- Persónuafsláttur verður 610.825 kr. fyrir árið 2015, eða 50.902 krónur að meðaltali á mánuði. Persónuafsláttur einstaklinga hækkar því um 4.848 kr. milli árána 2014 og 2015, eða um 404 kr. á mánuði, og nemur hækkunin 0,8%.
- Skattleysismörk tekjuskatts og útsvars verða samkvæmt því 142.153 kr. á mánuði að teknu tilliti til 4% lögbundinnar iðgjaldsgreiðslu launþega í lífeyrissjóð samanborið við 141.025 kr. á mánuði 2014. Hækkunin milli ára nemur 0,8%.

Skatt- prósentur

- Mánaðarleg tekjumiðunarmörk þrepa verða 309.140 kr. í fyrsta þrepi, 527.264 kr. í öðru þrepi og 836.404 kr. í þriðja þrepi fyrir tekjur ársins 2015.
- Þá mun skatthlutfall tekjuskatts í fyrsta þrepi vera óbreytt í 22,86% og samhliða er hámarksútsvar 14,52% einnig óbreytt á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga vegna málefna fatlaðra, en sú tímabundna breyting sem gerð var til bráðabirgða um tilfærslu milli tekjuskatts og útsvars upp á 0,04% var framlengd um eitt ár.
- Tekjuskattur er lagður á í þremur þrepum eins og áður. Þrepin skiptast þannig að af fyrstu 3.709.680 kr. árstekjum einstaklings (309.140 kr. á mánuði) er reiknaður 22,86% skattur. Af næstu 6.327.167 kr. (527.264 kr. á mánuði) er reiknaður 25,3% skattur og síðan í þriðja þrepi 31,8% skattur af árstekjum umfram 10.036.847 kr. (836.404 kr. á mánuði).
- Staðgreiðsluhlutfall ársins 2015 verður þrjúþætt eftir fjárhæð tekna, þ.e. 37,3% á tekjur í fyrsta þrepi, 39,74% á tekjur í öðru þrepi og 46,24% á tekjur í þriðja þrepi.

Trygginga- gjald

- Á staðgreiðsluárinu 2015 er hlutfall tryggingagjalds að meðtöldu markaðsgjaldi og gjaldi í Ábyrgðasjóð launa 7,49% og lækkar því um 0,1 prósentustig milli ára. Skipting þess er sem hér segir:

– Almennt tryggingagjald	6,04%
– Atvinnutryggingagjald	1,35%
– Gjald í Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota	0,05%
– Markaðsgjald	0,05%
– Samtals til staðgreiðslu	7,49%

Aðrar breytingar á skattalögum

Taka gildi 1. janúar 2015

Nýsköpunar- fyrirtæki

- Lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009 voru framlengd til lok árs 2019 en að óbreyttu hefðu þau fallið úr gildi um næstu áramót.
- Gildissviði laganna var breytt þannig að fyrirtæki í fjárhagsvanda og fyrirtæki sem ríkið á útistandandi endurgreiðslukröfur vegna ólögmatrar ríkisaðstoðar geta ekki fallið undir lögin, en gert er ráð fyrir að ráðherra útfæri framangreint í reglugerð.
- Frestur fyrirtækja til að sækja um staðfestingu Rannís á styrkhæfu verkefni var lengdur um einn mánuð ár hvert og er hann nú til 1. október. Þá verður Ríkisskattstjóra heimilt að veita Rannís upplýsingar um niðurstöðu skattfrádráttar hjá einstökum fyrirtækjum.

Forsendur fjárlaga

- Með lögum um ýmsar forsendur fjárlaga fyrir árið 2015 eru gerðar margvíslegar breytingar, t.d:
 - Losunargjald er lagt á rekstraraðila starfsstöðva sem undanskildir hafa verið gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir, en gjaldið nemur 865 kr. fyrir hvert tonn gjaldskyldrar losunar.
 - Úrvinnslugjald á raf- og rafeindatæki í tilteknum tollskrárnúmerum tekur breytingum til hækkunar auk þess sem Úrvinnslusjóður mun eftirleiðis tryggja söfnun og meðhöndlun raf- og raftækjaúrgangs.
 - Breytingar eru gerðar á gjaldhlutföllum af álagningarstofnum vegna kostnaðar við rekstur Fjármálaeftirlitsins og umboðsmann skuldara.

Aðrar breytingar

- Heimild til færslu innskatts v/virðisaukaskatts sem greiddur er í tolli vegna eigin innflutnings þótt einungis hluti gjaldfallins vsk hafi verið greiddur verður framlengd og gildir út árið 2015 samkvæmt nýju ákvæði til bráðabirgða við vskl.
- Heimild til þess að telja hluta söluverðs vistvænna bifreiða til undanþeginnar veltu verður framlengd til og með 31. desember 2015, sbr. ákvæði til bráðabirgða nr. XXIV við lög um virðisaukaskatt. Samkvæmt ákvæðinu er við sölu bifreiðar heimilt að undanþiggja frá skattskyldri veltu fjárhæð að hámarki 6.000.000 kr. vegna rafmagns- og vetnisbifreiðar og að hámarki 4.000.000 kr. vegna tengiltvinnbifreiðar. Jafnframt er tollstjóra heimilt að fella niður við tollafgreiðslu virðisaukaskatt af rafmagns- eða vetnisbifreið að hámarki 1.530.000 kr. og af tengiltvinnbifreið að hámarki 1.020.000 kr.
- Lög um vörugjald, nr. 97/1987, falla brott en brottfelld ákvæði laganna gilda þó áfram vegna sölu og afhendingar gjaldskyldrar vöru sem á sér stað fyrir 1. janúar 2015.

Deloitte.

Skattadagurinn 2015

Morgunverðarfundur
Þriðjudaginn 13. janúar
kl. 8.30-10.00 á Grand
Hótel Reykjavík



Setning

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra



Flogló undir ratsjónni: Skattstofnar sveitarfélaga
Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands



Skattabreytingar - frá virðisaukaskatti til nýfjárfestinga
Vala Valtýsdóttir, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs Deloitte



Skattfrankvæmd - brotalamir og umbætur
Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins



Milliverðlagning - reglubyrði og rekstraráhætta
Haraldur Ingi Birgisson, skatta- og lögfræðisvið Deloitte



Fundarstjórn

Hrunn Rudolfsdóttir, forstjóri Veritas

Skráning á www.deloitte.is, netfanginu skraning@deloitte.is og í síma 580-3000.
Gullteigur, Grand Hótel Reykjavík • léttur morgunverður frá kl. 8.00 • verð kr. 3.900.



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Fjallað verður um helstu skattalagabreytingar síðasta löggjafarþings á árlegum Skattadegi Deloitte, sem fer fram þriðjudaginn 13. janúar næstkomandi á Grand Hótel Reykjavík.

Skráning á Skattadaginn er á www.deloitte.is, netfanginu skraning@deloitte.is og í síma 580-3000.

Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

Ábyrgðaraðili:

Vala Valtýsdóttir, hdl.

Meðeigandi og sviðsstjóri Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte,
sími: 580-3036, netfang: vala.valtysdottir@deloitte.is



Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee (“DTTL”), its network of member firms, and their related entities. DTTL and each of its member firms are legally separate and independent entities. DTTL (also referred to as “Deloitte Global”) does not provide services to clients. Please see www.deloitte.com/about for a more detailed description of DTTL and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries and territories, Deloitte brings world-class capabilities and high-quality service to clients, delivering the insights they need to address their most complex business challenges. Deloitte’s more than 200,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This communication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the “Deloitte Network”) is, by means of this communication, rendering professional advice or services. No entity in the Deloitte network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this communication.